



Leiðbeiningar

6.11.6. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Sérstök mannvirki

Í grein 6.11.6 í byggingarreglugerð segir:

„Sérstök mannvirki, s.s. fjarskiptamöstur, brýr, virkjanir o.þ.h., skal hanna þannig að byggingarnar falli sem best að umhverfi sínu nema skipulagsskilmálar kveði á um annað.

Kröfur til öryggis og hollustuhátta og allar viðeigandi kröfur reglugerðar þessarar skulu uppfylltar.

Fyrir sérstök mannvirki og aðkomu að þeim skulu kröfur um algilda hönnun uppfylltar eftir því sem við á.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

1 Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir mannvirkjum skv. 2.3 kafla byggingarreglugerðar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og gæta skal meðal annars að ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

2 Í 3. mgr. 6.11.6 gr. segir: „Fyrir sérstök mannvirki og aðkomu að þeim skulu kröfur um algilda hönnun uppfylltar eftir því sem við á.“

Sjá leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar nr. 6.2.3 Algild hönnun aðkomu að byggingu, 6.2.4 Gönguleið að byggingu, 6.2.6 Bílastæði hreyfihamlaðra og 6.8.3 Algild hönnun snyrtinga og baðherbergja.

3 Í 4.3.7 gr. og 8. mgr. 4.4.1 gr. byggingarreglugerðar 112/2012 er fjallað um hvaða hönnunargögnum á að skila vegna sérstakra mannvirkja.

Tilvísanir

- <http://www.rabygg.is/adgengi>